

Námsáætlun í náttúrufræðigreinar

8 ára · Haustönn og vorönn 2026-2027

BEKKUR	KENningar	ÖNN	UPPHAFS- OG LOKADAGSETNING
3. BVK 3. HEH	Björg Vigfúsína Kjartansdóttir og Hafrún Erna Haraldsdóttir	Haust- og vorönn	24. ágúst 2026 – 9. júní 2027

Það sem við ætlum að læra

Haustönn: Við munum vinna með trjágróður, risaeðlur og tilraunir.

Hæfniviðmið:

Notar einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu.

- Nemandi tengir fagorð við tilraunir eða verkefni.

Framkvæmir einfaldar athuganir og skráir mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.

- Nemandi framkvæmir tilraunir og skráir niðurstöður.

Gerir sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda.

- Nemandi skoðar trjágróður í nærumhverfi og ber saman ólíkar tegundir.

Vorönn: Við munum vinna með sólkerfið, náttúruhamfarir og tilraunir.

Hæfniviðmið:

Fjallar um helstu hnetti í sólkerfinu.

- Kynnast sólkerfinu og vinnur með það á skapandi hátt.

Bendir á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn.

- Kynnist hreyfingum tunglsins og vinnur með það á skapandi hátt.

Framkvæmir einfaldar athuganir og skráir mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.

- Nemandi framkvæmir tilraunir og kynnir niðurstöður.

Svona vinnum við

Vinnulag: Við munum vinna einstaklings- og hópverkefni, bæði skrifleg og skapandi. Kennsluhættir verða fjölbreyttir sem dæmi má nefna fyrirlestrar, vinnubækur, samræður, upplýsingaleit og skapandi verkefni.

Helstu verkefni, ferðir og viðburðir: Göngutúrar í nærumhverfi til að gera tilraunir og safna efnivið. Ef tækifæri gefst reynum við að fara í stjörnuskoðun á vorönn. Unnið verður þemaverkefni sem verður samþætt við aðrar námsgreinar um trjágróður, risaeðlur og sólkerfið.

Námsgögn: Notast verður við Halló heimur bækurnar 1-3, vinnubókina Lesrún, efni af veraldarvefnum, leiki, spil og stafrænt efni.

Heimanám: Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í þessari námsgrein.

Námsmat og mikilvægar dagsetningar

Námsmat: Unnið verður með leiðsagnarmat jafnt og þétt á meðan þemaverkefni eru í vinnslu.

HVAÐ VERÐUR METIÐ?	MATSADFERÐIR OG MATSGÖGN	ÁÆTLUÐ SKIL
Þemaverkefni um trjágróður	Skapandi vinnubók um trjágróður og samskipti í hópavinnu	15. október 2026
Þemaverkefni um risaeðlur	Hópavinna og framsögn	15. nóvember 2026
Þemaverkefni um sólkerfið	Skapandi vinnubók um sólkerfið og samskipti í hópavinnu	15. mars 2027
Tilraunir	Skapandi vinnubók um tilraunir	15. maí 2027

Nánari upplýsingar, verkefnalýsingar og breytingar munu birtast á [mentor.is](#)